

Styrkveitingar Orkusjóðs 2007

Iðnaðarráðherra hefur með bréfi dags. 11. júlí sl. staðfest tillögur Orkuráðs um styrkveitingar Orkusjóðs 2007.

Við auglýsingu- og úthlutun styrkja 2007 var sérstök áhersla lögð á verkefni sem lutu að hagkvæmri orkunýtingu og orkusparnaði, framleiðslu á innlendu eldsneyti, vistvænt eldsneyti og sparnað jarðefnaeldsneytis, öflun þekkingar á þessum sviðum og miðlun hennar, svo og rannsóknir, þróun og samstarf.

Alls bárust 33 umsóknir, samtals að upphæð kr. 146,1 milljón króna. Fjárhagsrammi sjóðsins. gerði það að verkum að ekki var unnt að verða við umsóknum um mörg áhugaverð og metnaðarfull verkefni.

Úthlutað var styrkjum að upphæð 27,3 milljónum króna til eftirtalinna 12 verkefna

Aukin orkunýting jarðhitavökva

Styrkþegi: Agnir ehf., Reykjanesbæ

Forsvaraðili verkefnisins er Hannes L. Jóhannsson

Markmið verkefnisins er að þróa starfhæfan búnað sem koma á í veg fyrir kísilútfellingar í jarðhitavatni. Bæta þannig rekstraröryggi búnaðar til raforku- framleiðslu og húshitunar, svo og að auka afköst varmaskipta og skapa aukna möguleika á nýtingu lágvarma til iðnaðar.

Netfang forsvaraðila er agnir@agnir.is

Vinnsla eldsneytis úr jurtafræjum

Stykþegi: Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, Akureyri

Forsvaraðili verkefnisins er Magnús Þór Ásgeirsson

Megin markmið verkefnisins er að meta hagkvæmni þess að hefja öfluga framleiðslu á lífrænu eldsneyti úr jurtafræjum. Fyrirhugað er að framleiðslan fari fram við Eyjafjörð.

Netfang forsvaraðila er magnus@afe.is

Varmadæla til hitunar vatns í seiðaeldi

Styrkþegi: Dal-Björg ehf., Breiðdalsvík

Forsvaraðili verkefnisins er Ómar Bjarki Smáráson

Markmið verkefnisins er að sýna fram á hagkvæmni varmadælu til hitunar vatns til fiskeldis. Einnig að sýna fram á hagkvæmni samnýtingar varmadælu og lítillar vatnsaflsvirkjunar. Þá verður gerð tilraun til að auka verulega virkni varmadælu, með því að einangra með sérstökum hætti, bæði upp- og niðurrennslistagnir dælu og draga þannig úr varmatapi.

Netfang forsvaraðila er stapi@xnet.is

Lághita tvímiðla raforkuframleiðsla

Styrkþegi Gunnar Á. Gunnarsson, Hýrumel, Borgarfirði.

Forsvaraðili verkefnisins er Ragnar Ásmundsson, Ísor, Akureyri

Markmið verkefnisins er að kanna hagkvæmni rafmagnsframleiðslu með heitu vatni við mun lægra hitastig en hingað til hefur talist hagkvæmt hér á landi. Með aðferð sem þróuð hefur verið í Bandaríkjunum hefur tekist að framleiða rafmagn á samkeppnishæfu verði við hitastig sem einungis nemur 74°C. Reynist þessi aðferð hagkvæm við íslenskar aðstæður, gæti það leitt til stórauðinnar rafmagnsframleiðslu úr jarðvarmauppsprettum á lághitasvæðum landsins.

Netfang forsvaraðila er rka@isor.is

Bætt frumorkunýtni

Styrkþegi verkfræðideild Háskóla Íslands

Verkefnisstjóri er Ólafur Pétur Pálsson

Verkefni þetta er hluti af norrænu samstarfsverkefni sem styrkt er m.a. af Nordisk Energiforskning. Markmið verkefnisins er að kortleggja möguleika Íslendinga til bættrar frumorkunýtni. Helstu virkjanir landsins verða kannaðar en sérstaklega verður horft til blandaðra jarðvarmavirkjana sem framleiða bæði rafmagn og heitt vatn.

Netfang forsvaraðila er opp@hi.is

Orkuskógar

Styrkþegi: Héraðsskógar, Egilsstöðum

Forsvaraðili verkefnisins er Guðmundur Ólafsson

Verkefni þetta snýst um uppsetningu viðarkyndistöðvar við grunnskólann á Hallormsstað, íþróttahús, sundlaug og gistiálmu. Um er að ræða frumkvöðlastarf styrkþega varðandi orkunýtingu hérlendis. “Mun þetta vera í fyrsta sinn sem stærri byggingar verða kyntar með eldivið síðan á landnámsöld.”

Netfang forsvaraðila er gudmundur@heradsskogar.is

Orkuberar í samgöngum

Styrkþegi: Hörður V. Haraldsson, Lund, Svíþjóð

Forsvaraðili verkefnisins er styrkþegi

Tilgangur verkefnisins er að hanna líkan sem skilar sviðsmyndum þar sem bornir eru saman ýmsir möguleikar á vistvænu eldsneyti í samgöngum. Sviðsmyndir sem þessar eru öflugt tæki við stefnumótun. Þess er vænst að það geti nýst vel, m.a. við vinnu að framgangi markmiða stjórnvalda um samdrátt í útblæstri gróðurhúsalofttegunda og aukna notkun vistvæns eldsneytis.

Netfang forsvaraðila er hordur.haraldsson@chemeng.lth.se

Etanól framleitt úr innlendum lífmassa

Styrkþegi: Íslenska lífmassafélagið hf., Reykjavík

Forsvaraðili verkefnisins er Örn Hjaltalín

Verkefni þetta hefur áður hlotið styrk úr Orkusjóði. Verkefnið hefur einnig hlotið verulegan styrk frá Craft-verkefni Evrópusambandsins. Verkefninu er nú ætlað að svara þeirri spurningu, hvort hagkvæmt sé að koma upp tveimur verksmiðjum á Íslandi, til framleiðslu á etanóli úr innlendum lífmassa. Verði hugmyndir umsækjanda að veruleika, mundi áætlað framleiðslumagn, duga til rúmlega 10% íblöndunar árlegrar bensínnotkunar bílaflotans hér á landi eins og hún var árið 2005.

Netfang forsvaraðila er orn@biomass.is

Metanvinnsla úr lífrænum úrgangi

Styrkþegi: Landbúnaðarháskóli Íslands, Hvanneyri

Forsvaraðili verkefnisins er

Komið verður upp tilraunaaðstöðu til framleiðslu á metani úr úrgangi með gerjun. Með tilkomu tilraunaaðstöðunnar skapast möguleikar, við íslenskar aðstæður, til rannsókna og tilrauna varðandi nýtingu lífræns úrgangs til metanframleiðslu.

Netfang forsvaraðila er jong@lbhi.is

Veður og orka

Styrkþegi: Landsvirkjun

Forsvaraðili verkefnisins er Óli Grétar Blöndal Sveinsson

Um er að fjórða og síðasta áfanga, viðamikils norræns samstarfsverkefnis. Verkefnið lýtur að vísindalegu mati á mögulegum veðurfarsbreytingum af mannavöldum og áhrifum þeirra á vatnafar á Íslandi. Í lokaáfanga verkefnisins verða gerðar skýrslur um niðurstöður allra vinnuhópa auk samantektar á niðurtöðum. Ítarlegar upplýsingar um verkefnið er að finna á www.os.is/ce - ce@os.is

Netfang forsvaraðila er olis@lv.is

Fræðslusýning um endurnýjanlega orkugjafa

Styrkþegi: Sesseljuhús – umhverfisetur

Forsvaraðili verkefnisins er Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir

Sýningin var opnuð 2. júní sl. og stendur yfir að Sólheimum. Henni er ætlað að auka þekkingu almennings í landinum á þeim endurnýjanlegu orkulindum sem Ísland býr yfir.

Nánari upplýsingar er að finna á www.sesseljuhus.is

Netfang forsvaraðila er bergthora@solheimar.is

RES orkuháskóli – uppbygging tengslanets

Styrkþegi: Þekkingarvörður ehf., Akureyri

Forsvaraðili verkefnisins er Guðjón Steindórsson

Um er að ræða síðari hluta styrkveitingar vegna uppbyggingar tengslanets samstarfsaðila í aðdraganda stofnunar RES orkuháskóla á Akureyri. Nánari upplýsingar er að finna á

www.res.is

Netfang forsvaraðila er gudjon@unak.is